

87. stjórnarfundur Bergrisans bs.

8.9.2025

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Sandra Sigurðardóttir, Eggert Valur Guðmundsson og Ása Valdís Árnadóttir. Elliði Vignisson var fjarverandi.

Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Gestur á fundinum undir lið 1 var Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður.

Dagskrá

1. Sólheimar

Tekið var fyrir erindi frá Sólheimum um aukið framlag vegna ársins 2025.

Stjórn Bergrisans telur mjög óheppilegt að greiðslumódel í samningi hafi leitt til lækkunar á framlögum til Sólheima á milli ára. Stjórnin sýnir stöðunni skilning og telur mjög mikilvægt að þjónustunotendur á Sólheimum fái fullnægjandi lögbundna þjónustu. Þjónustan þarf að hæfa hverjum notanda og fullnægja kröfum laga nr. 38/2018. Nýleg athugun á gæðum þjónustu á Sólheimum bendir til þess að þörf sé á að mæta þjónustupörf notenda á Sólheimum betur þegar kemur að þjónustu við notendur á heimilum þeirra. Stjórnin telur því ekki koma til greina að dregið verði úr þjónustu til að mæta áætluðu tapi en leggur til við Sólheima, í samvinnu við starfsfólk Bergrisans, að allra leiða verði leitað til þess að hagræða í starfseminni m.a. með tilfærslu á stöðugildum til þess að mæta betur þjónustupörf notenda. Stjórnin telur mikilvægt að yfirfara þann kostnað sem liggur til grundvallar neikvæðrar rekstrarniðurstöðu Sólheima það sem af er ári og mögulegar hagræðingaraðgerðir í starfseminni. Einnig að Sólheimar og Bergrisinn starfi saman að því að bregðast við niðurstöðum gæðaeftirlits, áður en unnt er að verða við beiðni Sólheima um frekari framlög. Með vísan til þjónustusamnings milli Bergrisans og Sólheima óskar stjórn Bergrisans því eftir því að Sólheimar og Bergrisinn, í sameiningu og samstarfi, greini helstu kostnaðarþætti í starfseminni og möguleika á breytingum. Þegar slík greining liggur fyrir mun stjórn Bergrisans taka erindið fyrir að nýju.

2. Skaftholt

Tekið var fyrir erindi Skaftholts um nýjan samning frá og með næstu áramótum. Rætt var um málið og ákveðið að fresta frekari umræðum þar til á næsta fundi og jafnframt var óskað eftir áliti fagteymis og þjónusturáðs um Skaftholt. Þá var ákveðið að stjórn myndi fara í heimsókn í Skaftholt í september.

Eggert Valur vék af fundi kl. 15:00.

3. Fundargerð þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 191.

Stjórn staðfestir fundargerð þjónusturáðs.

4. Nýr búsetukjarni á Hvolsvelli

Lagt fram til kynningar álit samráðshóps um staðsetningu á nýjum búsetukjarna á Hvolsvelli. Um er að ræða svokallaðan Kirkjuhvolsreit og hefur bæði skipulags- og umhverfisnefnd Rangárþings eystra sem og byggðaráð Rangárþings eystra samþykkt þá staðsetningu f.h. sveitarfélagsins.

Jafnframt var farið yfir grófa tímalínu verkefnisins:

- Sep-okt 2025: Grófhönnun á húsi, breyting á deiliskipulagi samþykkt, samþykkt á stofnframlagi HMS
- Okt-des 2025: Fullnaðarhönnun á húsi
- Jan-maí 2026: Byggingarleyfi, jarðvinna, sökkull
- Maí-ágú 2026: Reising á einingum, hús klárað að utan, frágangur á lóð
- Sep-des 2026: Frágangur að innan
- Des 2026: Afhending á húsi
- Jan 2027: Íbúar flytja inn

Stjórn gerir ekki athugasemd við staðsetningu á nýjum búsetukjarna né tímalínuna og fagnar því að verkefnið sé farið af stað.

5. Tillaga um staðsetningu á næsta búsetuúrræði Bergrisans

Fyrir liggur tillaga starfsmanna Bergrisans um að næsta búsetuúrræði verði í Árborg, byggt á uppbyggingaráætlun húsnaðis á starfssvæði Bergrisans. Almennt má telja að annar hver nýr kjarni ætti að vera í Árborg miðað við fjölda íbúa á svæði Bergrisans og skv. biðlistum er mest bið eftir húsnaði í Árborg.

Stjórn samþykkir að fela starfsmönnum Bergrisans að kanna með vilja Árborgar að staðsetja næsta búsetuúrræði Bergrisans í sveitarfélaginu.

6. Útkomuspá og fjárhagsáætlun Bergrisans

Skrifstofustjóri fór yfir vinnslu útkomuspár og fjárhagsáætlunar.

7. Aðalfundur Bergrisans

Ákveðið er að halda aðalfund Bergrisans á Teams þann 9. október 2025 kl. 13. Skrifstofustjóra er falið að senda út fundarboð fyrir aðalfundinn.

8. Stöðugildi þroskajálfa við Viss á Selfossi

Erindi frá Viss á Selfossi um stöðugildi þroskajálfa. Þjónusturáð leggur til að beiðnin verði samþykkt. Stjórn tekur undir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

9. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 16:00.

Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir

Sandra Sigurðardóttir

Bragi Bjarnason

Eggert Valur Guðmundsson